



## 45. þing ASÍ

### Áherslur ASÍ 2023 – 2024

### Framtíð vinnumarkaðarins

#### Áherslur ASÍ

- Réttlát umskipti (e. just transition) snúa að því að hámarka efnahagslegan, samfélagslegan og umhverfislegan ávinning af aðgerðum tengdum loftslags- og tækniþreyingum og lágmarka neikvæð áhrif á almenning og launafólk. Réttlát umskipti verði leiðarljós í allri stefnumótun og ákvarðanatöku í yfirstandandi samfélagsþreyingum vegna loftslags- og tækniþreyinga.
- Launafólk, almenningur og verkalýðshreyfingin komi að ákvarðanatöku og stefnumótun sem varðar aðgerðir tengdar loftslagsþreyingum.
- Umbætur verði gerðar á lagaumhverfi í kringum rekstur fyrirtækja sem eru til þess fallnar að stuðla að auknu lýðræði í atvinnulífi með fulltrúum launafólks í stjórnnum fyrirtækja.
- Þjóðhagslegar greiningar á áhrifum loftslags- og tækniþreyinga á mismunandi hópa samfélagsins, svæði og atvinnugreinar liggi til grundvallar opinberri stefnumótun.
- Ráðist verði í gerð atvinnu- og fjárfestingarstefnu um uppbyggingu atvinnulífs og sköpun fjölbreyttra, góðra, grænna starfa sem standa undir góðum lífsgörum. Græn störf eru störf sem:
  - Stuðla að verndun eða endurheimt umhverfisgæða.
  - Þjóða upp á öruggar, heilbrigðar og mannsæmandi vinnuaðstæður.
  - Eru launuð með sanngjörnum hætti og veita launafólki félagslega vernd.
  - Veita jöfn tækifæri og styrkja og efla velferð og jafnrétti.
- Fjárfesting og nýsköpun verði stórefld og skapaðir verði hvatar til að fjölga vel launuðum störfum þar sem verðmætasköpun felst í tækni, hugviti og þekkingu sem byggir á endurnýtingu, endurvinnslu, fullnýtingu og fullvinnslu hráefna.
- Ný tækni og þreyingar á atvinnuháttum verði á forsendum launafólks og tækifæri sem í þeim felast verði nýtt til að bæta lífsgör, stytta vinnutíma og til að samræma betur atvinnuþátttöku og einkalíf. Launafólk njóti ávinnings af hagræðingu vegna þreyinga á atvinnuháttum og vinnuumhverfi.
- Grunnþjónusta og samfélagslegir innviðir verði ávallt í almannaeigu. Fjárfesting innviða, svo sem í samgöngum, fjarskiptum og á afhendingu raforku verði gerð með opinberum fjármunum með það að markmiði að stórefla uppbyggingu um land allt. Innviðauppbygging styðji við græna atvinnusköpun, velferð og lífsgæði almennings.
- Orkuskiptum, uppbyggingu almenningsgangna og innviða fyrir virka ferðamáta verði hraðað. Almenningsgangur verði bættar til muna þannig að þær verði raunhæfur og hagkvæmur valkostur.

## Verkefni ASÍ

- Beita sér fyrir því að ráðist verði í markvissa stefnumótun og hnitmiðaðar aðgerðir til að tryggja að þau tækifæri sem felast í yfirstandandi breytingum vegna áhrifa loftslags- og tæknibreytinga á efnahag, atvinnulíf og vinnumarkað verði nýtt, samfélaginu öllu til hagsbóta.
- Tryggja að verkalýðshreyfingin komi að stefnumótun, áætlanagerð og ákvarðanatöku sem tengist yfirstandandi samfélagsbreytingum og að almenningur sé hafður með í ráðum.
- Vinna að því að framkvæmd verði þjóðhagsleg greining á áhrifum loftslags- og tæknibreytinga á vinnumarkaðinn sem tekur tillit til áhrifa á ólík svæði, atvinnugreinar, störf og hópa og slík greining sé leiðarljós í allri stefnumótun og ákvarðanatöku stjórnvalda, atvinnulífs og vinnumarkaðar.
- Standa vörð um að tækifærum jafnt sem byrðum sem felast í yfirstandandi breytingum á hagkerfinu, uppbyggingu á atvinnulífi og vinnumarkaði sé dreift með jöfnum og sanngjörnum hætti.
- Knýja á um að fjárfesting og beiting stjórnækja hins opinbera stuðli að réttlátum umskiptum.
- Greina og kortleggja með hvaða hætti breytingar á skipulagi vinnunnar og réttindi á vinnumarkaði styðja við bætt kjör, meiri lífsgæði og sjálfbærni og vinna tillögur í samstarfi við aðildarfélög ASÍ um hvernig meggi samtvinna þessa þætti.
- Beita sér fyrir að uppbygging grunnþjónustu og innviða verði eflað þannig að hún stuðli að bættum kjörum, auknum lífsgæðum og sjálfbærni.
- Efla vitund samfélagsins um réttlát umskipti og mikilvægi þeirra. Réttlát umskipti (e. just transition) snúa að því að hámarka efnahagslegan, samfélagslegan og umhverfislegan ávinning af loftslags- og tæknibreytingum og lágmarka neikvæð áhrif á almenning.
- Vinna að því að lagaumhverfi í kringum mismunandi félagiform verði bætt þannig að þau standi jafnt að vígi og mögulegt verði að stofna starfsmanna-samvinnufélög.